

Ferð að Fossá við Ólafsvík.

23.- 25. júní 1947.

H.B. Lindvik, dr. Sigurður Þórarinsson, jarðfræðingur og S. Rist lögðu af stað frá Reykjavík kl. 11,00 þann 23. júní áleiðis til Ólafsvíkur á bifreiðinni R-5205. Komið var til Ólafsvíkur kl. 21 sama dag. Ekið var heim til Jónasar, oddvita hreppsins, og haldið til hjá honum meðan dvalið var í Ólafsvík.

Þá um kvöldið var gengið til Fossár, staður undir væntanlegt stöðvarhús athugaður, sömuleiðis leiðslu- og stíflustæði.

Kl. 9 næsta morgun (24. júní) var haldið að upptökum Fossár til að fá greint vatnssvæði hennar. Fossá á upptök sín í undirhlíðum Snæfellsjökuls, kemur þar fram úr uppsprettulindum, en hvergi undan snjófönnum (á þessum tíma árs). Hún er því bergvatnsá og nær aðalvatnsmagni sínu á tiltölulega stuttu svæði. Af þessu má álykta að rennsli hennar sé stöðugt þ.e.a.s. flöð ekki mikil né vatnspurð, hvorki í þurrkum eða frostum. Þar sem afrennsli Snæfellsjökuls að NNA rennur neðan jarðar frá sjálfum jöklunum er ekki auðvelt að sjá, hvort það fær framrás heldur í Fossá eða Hölmkelsá, sem er vestar eða hvernig það skiptist milli ánnar. Þetta atriði vísast til skýrslu jarðfræðingsins.

Kl. 17,00-23,30 var unnið að vatnsrennslismælingum og mælingum á væntanlegri stíflu.

Vatnsmagn mælt.

Vatnshæðamælir (efri vhm) er við vestri bakka árinnar hjá fyrirhuguðu stíflustæði fyrir ofan fossinn Rjúkanda. Þessi mælir

sýndi álestur II,5, þegar vatnsmagn var mælt 15 m ofan við stíflustæðið. Annar vatnshæðamælir (neðri vhm) er við eystri bakka árinnar niður við veg, sá mælir sýndi þá 0,25.

Um 50 m ofan við stíflustæðið kemur kvísl í Fossá og er hún nefnd hér vestri kvíslin. Hún á upptök sín undir Gerðubergi ofanverðu að vestan, vatnaskil hennar og Hölmkelsár liggja saman. Vatnsmagn hennar var mælt ca. 10 metrum ofan við þann stað er hún sameinaðist Fossá.

#### Um vatnshæðamæla.

Efri vatnshæðamælirinn er slæmur, þarf að endurnýjast. Hann nær stutt niður, er í straum, vatnið rennur skáhalt inn á hann með nokkrum öldugangi, svo að erfitt er að lesa á hann og má ætla að álestur verði nokkuð individuel.

Efri vhm hefur ekki verið nivelleret við fastmerki og var það gert nú. F.M.5 er fastmerki á steini vestan árinnar við stíflustæðið.

Toppur (XX) efri vhm er 272,5 cm undir F.M.5					
Neðri endi (0)	"	"	365,5 "	"	"

Veður var þurr, bjart og heitt og hafði verið þannig nokkra daga síður en mælingin var gerð.

Lagt var af stað frá Ólafsvík 25. júní kl.9,00, og komið til Reykjavíkur kl.19,00.

Reykjavík, 27. júní 1947. *S. A. M.*